

Samantekt um skógræktina á Mosum

Gerð í apríl 1997 handa Mosafundi 26.4.
Heimildir: Gestabækur og minnismiðar

Hér koma skógræktarfréttir frá sumrunum 1995 og 1996. Þetta er í þriðja sinn sem eitthvað er tekið saman handa Mosafundi um skógrækt (1993 og 1995). Rannsóknarstöð skógræktarinnar á Mógilsá fékk 1993 stutta “skýrslu” um skógræktarstarf Mosafélagsins og ætti að fá fréttir af stöðunni núna.

Í skógræktargirðingu:

Girðing og aðhlyning. Girðingin hefur staðið sig þokkalega síðan Mógilsármenn létu ljúka henni 1992. Við í Mosafélaginu höfum gengið með henni á vorin og gert við skemmdir vegna snjóalaga sem hafa leitað á hana syðst og efst.

Við höldum enn þeim sið að hlífa viðkvæmum trjám fyrstu árin með áburðarpokum og höfum lagt plastdúk á einn fermetra í í kringum sömu tré til að halda frá þeim grasi. Við höfum látið sauðatað í allar nýjar holur en höfum ekki notað útlendan áburð í skógræktargirðingunni síðan 1993.

Gróðursett í Kyllabrekku sumarið 1995: Það ár voru sett niður 431 tré. Gróðursett var suður undir “Geirlandsskógræktinni” upp af beygju á girðingunni, skammt norðan við ökuhlið. Sett var niður niðri við girðinguna og uppúr, m.a. norðan og sunnan við „syðra rjóðrið“ í brekkunni.

Tegundir:

Jörfavíðir: 50 tré. Ársgamlar plöntur, keyptar í Fossvogsstöð, 40 settar niður neðarlega

við „Geirlandsskógrækt“ en 10 í skörð. Þessar hríslur urðu fyrir barðinu á maðki og höfðust illa við, sumar drápu. Þær hafa áreiðanlega verið smitaðar þegar við fengum þær því maðkur hefur ekki skemmt mikið tré í brekkunni.

Strandavíðir: 67 tré. Hefur verið í pokum í beði í heimalóð síðan 30.6. 1993. Var þá keyptur á afslætti í Blómavali. Settur ofan við jörfavíðinn.

Brekkuvíðir: 70 tré. Hefur verið í pokum í beði í heimalóð jafnlengi og Strandavíðirinn og var eins fenginn. Settur ofan við Strandavíðinn.

Birki: 105 tré. 70 þeirra eru „gróðurbótatré“ (fræ af sérvöldum trjám í tilraunaverkefni í

umsjón RALA) úr Fossvogi, eins árs plöntur. 35 voru „stofugluggabirki“ frá BÓ sem hafa verið ein tvö ár í beði í heimalóð og brekku. Birkið var sett báðum megin við syðra rjóðrið.

Reynitré: 11 tré (þar af 3 silfurreynir). Sjálfsáin í Grænutungu 7. Í syðra rjóðri og víðar.

Sitkagreni: 118 tré. Ættuð frá Birni og Sunnu (frá 29.6.1992) en hafa verið í beði síðan.

Loks voru sett til geymslu í beð í lóð og í brekku: 47 sitkagreni (35 bakkaplöntur úr Fossvogi en 12 frá Birni og Sunnu), 35 blágreni, 50 stofugluggabirki.

Gróðursett í Kyllabrekku árið 1996: Það sumar fóru niður 467 plöntur. Mest var sett niður upp af Krubbu. Nú voru allmörg víði- og aspartré fengin úr gróðurreit sem Bjarni Ólafsson er með að láni í landi Halakots í Flóanum. Stefnt er að því að þurfa bráðlega ekki að kaupa fleiri slík tré.

Aspir: 30 tré. 2ja ára plöntur, ræktaðar í Flóa.

Jörvavíðir: 80 tré. 2ja ára úr Flóa.

Alaskavíðir: 87 tré. Þar af 65 brúnn tröllavíðir, 45 ræktaðir á Mosum í beðum, 25 í Flóa;

13 tré grænn víðir úr Flóa; 4 „hrímur“ ræktaðar á Mosum. (Hríma er loðinn Alaskavíðir en eigandi skógræktarstöðvarinnar Gróanda í Mosfellsdal gaf Mosum 10 hríslur 1994 til að reyna þær eystra.)

Hreggstaðavíðir: 35 tré, alin upp á Mosum.

Birki: 186 tré. Alin upp á Mosum, ýmist af fræsáningu BÓ eða keypt bakkaplöntur fyrir

einu og tveimur árum.

Reyniviður: 32 tré. Sjálfsáið í Grænutungu 7 og tínt til af Ástu Ólafsdóttur. Mest ilmreynir en einnig 6 silfurreynihríslur.

Sitkagreni: 16 tré. Alið upp á Mosum en sett bakkaplöntur í poka '95.

Gróðursett í Kyllabrekku vor 1997:

Það vor fóru niður 445 tré. Öll voru gróðursett vestarlega í landinu, fyrir ofan ökuhlið á horninu. 53 Alaskaaspir (keisarar) fóru meðfram girðingu, frá hliði og allan vestur fyrir tóftina á Krubbu. 18 grænir Alaskavíðir voru í einfaldri röð ofan við þessar aspir. Greni var að mestu í grennd við og innan um “Geirlandsskógræktina”. Jörvavíðir, tröllavíðir, Hreggstaðavíðir, birki og gulvíðir fóru ofan við gamla Geirlandskálgarðinn og innan um þetta fóru 65 stafafurur.

Aspir: 53 tré. 2ja ára plöntur ræktaðar í Flóa.

Birki: 33 tré. Nokkurra ára af ýmsu ætterni. Geymdar í pokum á Kyllabrekku og kassa.

Blágreni: 35 tré. Keyptar bakkaplöntur '95 en geymdar í pokum í kassa. Í Geirlandsskógrækt og í grennd.

Greni (sitka): 20 tré. Flest frá Birni og Sunnu. Fáein ár í pokum í kassa. Í Geirlandsskógrækt og í grennd. Fáein nyrst í kálgarð.

Gulvíðir: 70 tré, 2ja ára úr Flóa. Stiklingar fengnir frá Gilá í Vatnsdal. 60 settar ofan við

kálgarð, ofan við Hreggstaðavíði og jörva en líka í bland við stafafuruna. 10 stykki í tvö beð við stein ofan við ökuhlið.

Hreggstaðavíðir: 24 tré, 2ja ára úr Flóa, ofan við kálgarð þar sem brekkan gerist brött.

Jörvavíðir: 95 tré, 2ja ára, úr Flóa, settir ofan við kálgarð og upp með að sunnan.

Silfurreynir: 2 tré, neðan við Geirlandsskógrækt.

Stafafurur: 65 tré, tvö ár í pokum, keyptar bakkaplöntur '95. Ofan við kálgarð, á flöt þar.

Tröllavíðir: 30 tré, 2ja ára úr Flóa, settur syðst og efst ofan kálgarðs.

Staða skógræktarinnar núna: Nú eru komnar 3118 plöntur í Kyllabrekkur. Þar af eru lauftré rúmlega 2320 en barrtré um 700. Algengustu tegundir eru birki, um 600 tré, Alaskavíðir af ýmsum tegundum næstum um 650, gljávíðir 350, Hreggstaðavíðir 70 tré, aspir 325 tré, reynir 100 tré, gulvíðir 70, brekkuvíðir 70, strandavíðir 77. Af barrtrjám eru flest greni 325 (sitkagreni 290, blágreni 35), lerki 300 tré og furur 107 (bergfurur og stafafurur).

Mikið er til af plöntum til að nota síðar. Á Mosum eru 50-60 greni til að nota V-98 og 40 stafafurur fyrir sama vor. Í kassa í lóð voru settar 1 árs bakkaplöntur til að nota V-99: 40 bergfurur, 35 sitkagreni. Um miðjan júní í sumar setti BÓ 35 sitkaelri frá Mörk í poka og setti í kassa í Grænutungu 7 og 17. júlí setti BÓ 35 seljur úr Fossvoginum í poka og potta. Í júlilok keypti BÓ á útsölum: 3 hvítgreni, 12 blágreni (3-4 ára plöntur í skógræktinni í Fossvogi. Fer út 1998); 80 stafafurur, tveggja ára, keyptar í Mörk. Þetta voru bakkaplöntur sem BÓ setti í poka og kassa í Grænutungunni. Þetta ætti að fara austur V-98 en varla í brekkuna fyrr en V-99. Mikið af til af víði og öspum í Flóa. Ekki ætti að þurfa að kaupa nein tré nema ódýrar bakkaplöntur sem bíða í uppeldi þangað til þær geta lifað í Kyllabrekkunni en þar er grasvöxtur svo mikill að smáplönturnar eiga erfitt uppdráttar.

Þetta er pikkað inn 27. júní 1997 og endurbætt 17. júlí 1997 og svo 7. ágúst 1997 til þess að vera til vegna skýrslu handa Mosafundi 1998 og jafnvel ef gera þarf einhverja greinargerð handa skógræktaryfirvöldum (Mógilsá, Suðurlandsskógum?).

Gert af Bjarna Ólafssyni